

Þriðjudaginn 15. október 1991.

Nr. 477/1989. **Sverrir Þóroddsson**

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

Sigurdísi Reynisdóttur

(Tómas Gunnarsson hrl.).

Áfrýjun. Frávísun frá Hæstarétti. Lausafjárkaup. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. desember 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og að hún verði dæmd til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Kemur þar meðal annars fram, að hinn 30. mars 1990 seldi áfrýjandi bifhjól það, sem mál þetta snýst um, fyrir 460.000 krónur, og tók kaupandi þá strax við því. Einnig kemur þar fram, að í júní 1990 skemmdist hjólið verulega í árekstri, en uppgjör tjónbóta hefur enn ekki farið fram, þar sem kaupandinn hafði ekki afsal í höndum fyrir því frá skráðum eiganda, þ.e. stefndu. Þessi kaup gengu því til baka, og endurgreiddi áfrýjandi kaupverðið.

Í hinum áfrýjaða dómi var viðurkenndur réttur stefndu til að rifta kaupum sínum á bifhjólinu. Ráðstafanir áfrýjanda, eftir að hann skaut málinu til Hæstaréttar, samrýmast ekki áfrýjun þess. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 125.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti. Áfrýjandi, Sverrir Þóroddsson, greiði stefndu, Sigurdísi Reynisdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, 125.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. september 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með stefnu, birtri 26. maí 1988. Stefnandi er Sigurdís Reynisdóttir, Nönnufelli 1, Reykjavík. Stefndi er Sverrir Þóroddsson kaupmaður, með starfsstöð að Skútuvogi 10 C, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að staðfest verði með dómi bæjarþingsins riftun stefnanda á kaupum á Kawasaki-bífhjól, GPX 750 R, í bréfi hennar til stefnda, dagsettu 11. nóvember 1987, — einnig, að staðfest verði krafa stefnanda um, að stefndi endurgreiði stefnanda kaupverð bífhjólsins og kostnað tengdan skuldabréfi, útgefnu vegna kaupa á bífhjólínu, alls 493.783 krónur, ásamt vanskilavöxtum Seðlabanka Íslands, 2,8% á mánuði af 493.783 krónum frá 4. júní 1987 til 4. júlí s.á., með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 4. ágúst s.á., með 3,4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 4. september s.á., með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 4. október s.á., með 3,6% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 4. nóvember s.á., með 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 4. desember s.á., 4,1% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 4. janúar 1988, með 4,3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 4. mars s.á., en 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Í annan stað er krafist, að stefndi greiði stefnanda skaða- og miskabætur, að fjárhæð 100.000 krónur, ásamt vanskilavöxtum Seðlabanka Íslands, 3,8% á mánuði af 100.000 krónum frá 1. júní 1988 til greiðsludags, vegna kostnaðar við rekstur hjólsins frá 4. júní 1987 til 11. nóvember 1987, vegna tilrauna stefnanda við að fá hjólið lagfært og óþæginda og leiðinda vegna bilana þess.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Til frádráttar kröfum er innborgun, 83.974 krónur, 6. janúar 1988 vegna tjóns á hjólinu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir, málsástæður og lagarök aðila.

Stefnandi keypti bífhjól, Kawasaki, GPX 750 R, árgerð 1987, hjá stefnda vorið 1987. Hún greiddi 150.000 krónur af kaupverðinu 5. maí s.á. Stefnandi fékk bífhjólið afhent 4. júní og gaf sama dag út skuldabréf, að fjárhæð 343.783 krónur, sem hún greiddi á einu ári. Ekki fékk stefnandi reikning fyrir hjólinu fyrr en 3. nóvember 1987. Hjólið fékk skráningarnúmerið R 73771.

Stefnandi og vitnið Elí Pétursson tilkeyrðu hjólið, en Elí þessi kvaðst vanur akstri bífhjóla. 11. júní fór stefnandi ásamt fleira fólki til Norðurlanda með m/s Norrænu. Í ferðinni kom í ljós, að hjólið hrökk úr 2. gir.

Er stefnandi kom heim, kvartaði hún við stefnda yfir þessu og einnig því, að froða myndaðist í olíu o.fl. Stefndi hafi í fyrstu lítt sinnt kvörtunum stefnanda, en loks hafi hjólið verið sett á verkstæðið Vélahjól og sleða að Tangarhöfða 9 hér í borg. Þar var hjólið til viðgerðar dagana 15. til 29. september og síðar 6. til 30. október 1987 og loks farið með það þangað 3. nóvember s.á. Voru gírkassinn og vélin þá tekin úr hjólinu og send til Kawasaki Motors í Englandi til athugunar og viðgerðar.

Hjólið hefur síðan verið í vörslum stefnda, en stefnandi neitaði að taka við því eftir 3. nóvember 1987.

Með bréfi 11. nóvember 1987 krafðist stefnandi riftunar á kaupunum á hjólinu og að kaupverðið yrði endurgreitt sér auk kostnaðar og miskabóta.

Stefnandi heldur því fram, að við kaupun hafi hjólið verið verulega gallað, sem lýst hafi sér í því, að hjólið hrökk úr 2. gír undir álagi. Þetta leiði til þess, að endursöluverð hjólsins sé mun lægra en ella mætti vænta, og því vilji hún ekki taka við því, enda þótt gert hafi verið við hjólið. Reyndar sé alls óvíst, að viðgerð hafi verið fullnægjandi.

Stefndi staðhæfir, að hjólið hafi verið gallalaust, er það var selt, og allar skemmdir, sem fram hafi komið á hjólinu síðan, stafi af rangri notkun hjólsins. Ber hann fyrir sig umsögn Kawasaki Motors í Englandi, en þar var gírkassinn skoðaður og tekinn upp. Í tveimur skeytum og bréfi frá Kawasaki Motors til stefnda segi, að bilunin sé vegna rangrar meðferðar á hjólinu.

Þá heldur stefndi því fram, að gallinn hafi ekki verið verulegur og því ekki efni til að heimila riftun, enda eigi tilvik þetta undir 42. gr., 1. mgr., kaupalaga. Miskabótakröfu er mótmælt, enda eigi hún ekki lagastoð.

Forsendur og niðurstaða.

Fram er komið í málinu, að fljótlega eftir að stefnandi fékk hjól sitt, tók að bera á því, að það hrökk úr 2. gír, er vélin var undir álagi.

Þá kemur fram, að skipt var um gírhjól á verkstæði Vélahjóla og sleða, en ekki um viðkomandi hreyfibúnað. Allt að einu hrökk hjólið úr gír eftir viðgerðina.

Síðar voru gírkassi og vélarsamstæða send til framleiðanda í Englandi. Þar var skipt um gírhjól og settur í nýr hreyfibúnaður.

Telja verður, einkum með vísan til framburðar vitnisins Þorsteins Marelssonar, að það sé nægjanlega í ljós leitt, að hjólið hafi verið í lagi eftir þessa viðgerð.

Dómurinn telur, að skýringin á galla þeim, sem var á hjólinu, sé sú, að hreyfibúnaði fyrir gírskiptingu hafi verið áfátt, þar sem hjólið vann eðlilega, eftir að skipt var um hreyfibúnaðinn. Bendir allt til þess, að honum

hafi verið áfátt frá upphafi og því hafi hjólið verið gallað, er það var selt.

Galli þessi er verulegur, og koma því ákvæði 42. gr., 1. mgr., kaupalaga til álita.

Fram er komið, að tilraunir til úrbóta, er gerðar voru á verkstæði Vél-hjóla og sleða, báru ekki árangur og að hjólið hafði þegar verið þar til viðgerðar samtals 38 daga, er stefnandi fór með það þangað í þriðja sinn 3. nóvember 1987. Þegar þar var komið, var liðinn sá tími, sem stefnandi þurfti að biða úrbóta, og þarf hún ekki að sætta sig við það nú að taka við hinu selda hjóli að nýju.

Stefnandi ritaði stefnda bréf, dagsett 11. nóvember 1987, þar sem hún lýsti þeirri kröfu sinni, að kaupunum yrði rift og henni endurgreitt kaup-verðið.

Stefndi svaraði ekki bréfi þessu efnislega fyrr en með svarbréfi, dagsettu 13. janúar 1988, til lögmanns stefnanda, sem hafði ítrekað riftunarkröfu hennar með bréfi 6. janúar 1988, og getur stefndi ekki nú haldið uppi mót-bárum gegn riftunarkröfu stefnanda, en efnisleg skilyrði riftunar voru fyrir hendi, er hún sendi bréf sitt, sbr. það, sem hér að framan segir um, að gallinn var upprunalegur og verulegur og að stefndi getur ekki borið fyrir sig ákvæði 49. gr., 1. mgr., kaupalaga.

Ber því að taka kröfu stefnanda um riftun til greina og dæma stefnda til að endurgreiða stefnanda kaupverð hjólsins að frádregnum bótum til hennar vegna tjóns á hjólinu, eins og krafist er í stefnu.

Lagaheimild skortir til að dæma stefnanda miskabætur úr hendi stefnda.

Krafa stefnanda um skaðabætur er ekki studd nægjanlegum gögnum, og er hún ekki tekin til greina.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 105.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-dómsmönnum Finnþoga Eyjólfssyni og Jan Jansen bifvélavirkjum.

D ó m s o r ð:

Viðurkennd er krafa stefnanda, Sigurðisar Reynisdóttur, um riftun á kaupum hennar á Kawasaki-bifhjóli af stefnda, Sverri Þóroddssyni.

Stefndi greiði stefnanda 493.783 krónur með 33,6% ársvöxtum frá 4. júní 1987 til 4. júlí s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 4. ágúst s.á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 4. september s.á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 4. október s.á., með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 4. nóvember s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 4. desember s.á., með 49,1% ársvöxtum frá þeim degi til 4. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars

s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 83.974 krónum. Stefndi greiði stefnanda kr. 105.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu dóms að viðlagðri aðför að lögum.
